

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi.

1. gr.

Á eftir orðinu „fjarlægðarmörk“ í 1. másl. 6. mgr. 18. gr. kemur: sjókvíaeldisstöðvar.

2. gr.

Við 1. mgr. 64. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi fellur úr gildi nema að því er varðar þær umsóknir og þau rekstrarleyfi sem fjallað er um í ákvæði II og III til bráðabirgða í lögum um fiskeldi nr. 71/2008.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 71/2008, um fiskeldi og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 22. júní 2020.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Jóhann Guðmundsson.